



Stofnun ASÍ – UNG
27. maí 2011

Ályktun ASÍ-UNG um fjölskyldu- og jafnréttismál

ASÍ-UNG telur mikilvægt að öll börn hafi sömu tækifæri óháð aðstæðum fjölskyldna. Börn hafi gott aðgengi að tómsundum og heitum, næringarríkum máltíðum. ASÍ-UNG telur nauðsynlegt að tannlæknaþjónusta sé hluti af heilbrigðiskerfinu og kostnaðarþátttaka í samræmi við það. ASÍ-UNG vill draga úr tekjutengingu barnabóta og minnka mun á fjárhagsstuðningi milli einstæðra foreldra og hjóna/sambúðarfólks.

ASÍ-UNG vill útrýma launamun kynjanna og leggur ríka áherslu á að tryggja fæðingarorlofsréttindi og endurheimta þær skerðingar sem orðið hafa á síðustu misserum.